



10. fundur aðalstjórnar Aftureldingar 13. okt. 2011

Fundur settur kl. 18:45 að Varmá

Mætt: Anna Sigríður Guðnadóttir, Ásmundur Pálsson, Guðjón Helgason, Helga Jóhannesdóttir, Hekla Klemenzdóttir, Kristín Reynisdóttir og Sævar Kristinsson.

Dagskrá:

1. Staða verkefnis með Víðari Halldórssyni
2. Grein v. búningamálsins
3. Starf framkvæmdastjóra
4. Fjárhagsleg staða félagsins (frestað)
5. Kvörtun vegna framkomu við iðkendur í íþróttahúsi.
6. Staða siða- og laganefnda
7. Uppskeruhátíð (frestað)
8. Önnur mál

1. Framtíðarverkefnið. Þátttöku í verkefninu frestað. Eftir að fimleikar drógu sig út var ekki grundvöllur til að hrinda verkefninu úr vör. Málið rætt og ákveðið að taka það upp á næsta formannafundi til ákvörðunar um framhaldið.
2. Grein v. búningamál. Bréfið sem sent hafði verið stjórnarmönnum fyrir fund var rætt og samþykkt. Næsta skref að bera það undir formenn til samþykktar.
3. Starf framkvæmdastjóra. Málin rædd, auglýsing, skipulag starfs o.fl.
4. Fjárhagsleg staða félagsins (frestað)
5. Kvörtun v. framkomu við iðkendur. Kvörtun hafði borist til formanns vegna framkomu við iðkendur í handbolta, ljós slökkt áður en æfingartími er úti o.fl. Ákveðið að framkvæmdastjóri ræði málið við íþróttafulltrúa.
6. Staða siða- og laganefndar. Siðanefnd hefur hafið störf og endurskoðun reglugerðar er komin í gang. Laganefnd, hefur hafið störf og vinna við endurskoðun laganna er hafin.
7. Uppskeruhátíð (frestað)
8. Önnur mál. Erindi hafði borist frá UMFÍ um skipun fulltrúa í hóp til að undirbúa 50+ sumarið 2012. Helga Jóhannesdóttir og Guðjón Helgason voru tilnefnd.

Fundi slitið kl. 19:57

Fundi slitið kl. 19:57. Næsti fundur verður 27. október.

Fundargerð ritaði Anna Sigríður Guðnadóttir ritari aðalstjórnar